

SIRKUSÚTTEKT - Fallegasta fólkið á Myspace [4]

SIRKUS

1. DESEMBER 2006

TOP 10 LISTI
FLOTTASTA
HÁRIÐ Í
HOLLYWOOD



[12]



Til hamingju með afmælið Magni



UPPGJÖR DR. MISTER OG MISTER HANDSOME
Ívar tók alla peningana



HRESSU BYLGJUGAURARNIR
Brandarakeppni hjá rauðnefjum



FROSTI MED NÝJA KÆRUSTU
Krækti sér í klippara

SHARP

Í FREMSTU RÖÐ FRUMKVÖÐLA LCD-VEGGSJÓNVARPANNA

Pioneer

MED FULLKOMNA FORUSTU Í PLASMA-SJÓNVARPSTÆKJUM

VEGGSJÓNVÖRP
Glæsilegt úrval!

SAMSUNG

EINN FRAMSÆKNASTI RAFTÆKJAFRAMLEIÐANDI HEIMS Í DAG

LOEWE.

MARG VERÐLAUNUÐ OG AFAR GLÆSILEG HÖNNUN

ORMSSON

SÍÐUMÚLA · SMÁRALIND · AKUREYRI · KEFLAVÍK · ÍSAFIRÐI



Sungið með stærstu stjórnunum

Fyrir þá sem ekki eru búnir að átta sig á því þá á hann Magni okkar afmæli í dag. Strákurinn er 28 ára og alveg nauðasköll-óttur. Við á Sirkus ákváðum að gleðja strákinn með óvæntri afmælisveislu í gær. Buðum honum og öllum frægu Rockstarvinum hans í afmælisveislu á Hotel Nordica.



Rockstargengið var í miklu stuði þó að veislan hafi verið haldin snemma um morgun. Toby, Josh, Dilana og Storm eru alvöru rokkstjórnur. Gleymdi reyndar að láta taka mynd af mér með þeim. Ætlaði að setja hana í jólakort-ið. Það verður að hafa það. Samt gaman að hitta þessar stjórnur.

Það ætlaði allt um koll að keyra þegar við byrjuðum á kökunni. Lá við að krakkarnir færu í matarslag. Náðum þó að róa þau niður. Öll voru þau þó í góðu skapi og hlökkudu greinilega mikið til að spila fyrir íslensku áhorfendurna. Alltaf gaman að fara yfir þessa helstu hluti með útlendingum. Skyrið, brennivinið og íslensku stelpurnar.

Gaman líka að þau voru ekki með neina stjórnustæla. Ætluðu þó í nudd seinna um daginn. Dilana var virkilega hrifin af skyrinu og ætlaði að fá Mjólkursamsöluna til þess að sponsora sig. „Ég elska skyr“ sagði hún um leið og Valli ljósmyndari smelti af henni mynd með fullan munn af bláberjaskyri.

Þe point æm meikin er að Rockstarstjórnurnar voru alveg fáránlega nettar. Ég skemmti mér allavega vel í afmælisveislunni. Gaman líka að syngja afmælisönginn með alvöru söngvurum. Ég held að hinir hafi líka skemmt sér ágætlega. Ef ekki. Þá geta þau bara hoppað upp í rassgatið á sér.

Breki Logason



Dr. Mister og Mr. Handsome
Kominir í pásu eftir viðburðaríkt sumar.

UPPGJÖR DR. MISTER OG MR. HANDSOME

Ívar tók alla peningana

Fréttir af skyndilegum endalokum hljómsveitarinnar Dr. Mister og Mr. Handsome hafa vakið upp margar spurningar. Eitt er þó víst að hljómsveitin er hætt. Samkvæmt heimildum Sirkuss var það ekki tónlistarlegur ágreiningur sem batt enda á samstarf strákanna, heldur var það svo að hljómsveitin átti að koma fram á tveimur tónleikum Basshunter á vegum Flass 104,5 fyrr í mánuðinum. Forsvarsmenn tónleikana segja að skilyrðið fyrir því að sveitin kæmi fram bæði þessi kvöld hefði verið að þeir yrðu edru á sviðinu. Þeir spiluðu hins vegar bara fyrra kvöldið þar sem Ívar „var úti á túni liggjandi blindfullur á sviðinu“ eins og einn Flassari orðaði það. Þeir fengu því ekki að koma fram seinna kvöldið. Hinn áður nefndi Ívar fékk síðan einungis greiddan hluta upphæðarinnar sem um var samið, þar sem hljómsveitin stóð ekki við



sinn hluta samningsins. Einn tónleikahaldara staðfesti í samtali við Sirkus að Ívar hefði fengið þetta greitt. Upphæðin væri trúnaðarmál en um talsverða peniga hefði verið að ræða. Hann hefði síðan reynt að rukka meira en án árangurs. Það sem gerist næst er að hinir meðlimir hljómsveitarinnar verða ósáttir við Flass yfir að hafa ekki fengið greitt fyrir tónleikana en er tjáð að Ívar hafi fengið þá peninga sem í boði voru. Þegar strákarnir gengu svo á Ívar var hann búinn að eyða öllum peningunum. Það sættu menn sig ekki við. Og ævintýrinu um Dr. Mister og Mr. Handsome lauk.

Ívar Kolbeinsson

Er kominn upp í sveit til þess að safna kröftum.

Nýtt frá
OROBLU



OROBLU
SAFESKIN

Þeir sem kepptu um titilinn Herra Ísland klæddust SAFESKIN nærfötum.

Nærfötin eru mjúk og saumlaus úr einstaklega góðu bómullarefni sem hentar vel fyrir viðkvæma húð. Þau falla þétt að líkamanum og draga ekki í sig svita.

6 HLUÐIR SEM BENDA TIL ÞESS...

... að þú þurfir að taka þig taki

1. Þú hefur ekki sofði hjá í hálf ár.



4. Þú heldur að það sé töff að vera með bumbu.

2. Biggi í Maus er upphalds tónlistarmaðurinn þinn.



3. Kærastan þín svaf hjá Basshunter fyrr í mánuðinum.



5. Randver í Spaugstofunni er upphalds leikarinn þinn.

6. Þér finnst Jónína Ben ein kynþokkafyllsta kona landsins.



FROSTI Í MÍNUS

Krækti sér í klippara



Frosti Logason, útvarpsmaður og gítarleikari Mínus, er kominn með kærustu. Það er hún Þórunn Ýr Jóhannesdóttir betur þekkt sem Tóta á Hárhönnun. Hún rekur einmitt hársnyrtistofuna 101 Hárhönnun á Skólavörðustígnum. Frosti og Tóta hafa sést nokkuð saman upp á síðkastið og hafa verið að hittast í nokkurn tíma. Kunnugir segja hins vegar að sambandið sé læst núna. Frosti hefur lengi þótt einn myndarlegasti fyrir bæjarins og hefur verið kenndur við stúlkur eins og Ágústu Evu og Unni Birnu Vilhjámsdóttur.

SIRKUS

Útgáfufélag 365 prentmiðlar Útgefandi Helgi Hermannsson, ábm. Ritstjórnari Andri Ólafsson, andri@minnsirkus.is og Breki Logason, breki@minnsirkus.is Ritstjórn Dröfn Ösp Snorraddóttir, drofn@minnsirkus.is, Helga Ólafsdóttir, helga@minnsirkus.is, Sigríður Dögg Arnardóttir, siggagogg@minnsirkus.is og Sólvi Snær Magnússon, solvi@minnsirkus.is Sirkusstjóri Árni Þór Vigfússon Sirkusblaðið Skaftahlíð 24 105 Rvk, sími 550 5000 Auglýsingar Gréta Karen Grétarsdóttir 550 5864 gretakaren@fretti.is

Það
vilja
allar
mömmur
kyssa
jólasveininn
okkar!

ALVÖRU BRAGÐ ENGINN SYKUR



Ég var að heyra...

Að Bónus á Ísafirði hefði glatt margan bæjarbúann um síðustu helgi. Þar urðu mistök með Pilsnerinn og var sett heilt bretti inn í búð af Pilsner — alvöru bjór. Hann var síðan seldur á Pilsnerverði í búðinni en fljótlega komst þetta þó upp og bjórinn var fjarlægður / Að tvær kanínur væru að gera allt vitlaust í íþróttahúsinu Kaplakrika í Hafnarfirði / Að næstum sé uppselt á Flexvöldið á Nasa í kvöld. Þar kemur **Desyn Masiello** fram og eru flestir hvattir til að næla sér í miða í verslun 12 Tóna / Að fegurðar-



drottningin **Hugrún Harðardóttir** sé hætt að vinna á Salon Veh og hefur nú hafið störf hjá tískulöggunni **Svavari Erni** / Að Rockstar-

drottningin **Storm**

hafi aðlagast aðstæðum á Íslandi frekar illa eftir að hún lenti. Stelpa fékk hita í gær og var nokkuð slöpp en harkaði þetta af sér og stóð sig eins og hetja á tónleikum í

gær / Að **Björgólfur Guðmundsson** hafi sést með sinni hægri hönd, **Ásgeiri Friðgeirssyni**, á Laugaveginum í vikunni. Virtust þeir vera að skoða hús

sem á að rífa og velta fyrir sér hvað hægt sé að gera í verslunargötunni / Að stuðningsmenn West Ham hafi líkt **Eggerti Magnússyni** við klókan stjórnálmann eftir að hann gekk inn á leikvanginn með barnabarn sitt á handleggnum. Þeir eru einnig mjög ánægðir með bindishnútt Eggerts /



Fallegasta fólkið Á MYSPACE

Sex flottustu strákarnir

1. Baldur

Baldur Kristjánsson er 23 ára einhleypur ljósmyndari. Hann vinnur hjá Magg ljósmyndastofunni. Hann var einu sinni skiptinemi í Bandaríkjunum (2000-2001) og á ákkrat 300 Myspace vini. Hann er með gallerísiðu á netinu sem heitir april.is. myspace.com/baldurkristjans



2. Siggí

Sigurður Oddson er 21 árs. Hann er listhneigður og er í hljómsveitum. Kærastan hans vinnur á Veggfóðri og heitir Silly á Myspace. Sigurður vinnur í fatabúð og er fiskur. myspace.com/yelloweyedneonlegendofthe



3. Blængur

Blængur vinnur í G-Star fatabúðinni. Hann hefur áhuga á ljósmyndun, snjóbrettum og tónlist. Uppáhaldsbókin hans er Veröld Soffíu. Hann er einhleypur. Myspacelagið hans er Desire með GusGus. myspace.com/bls81



4. AC Bananas

Elli er 25 ára Vesturbæingur. Hann kann að tattúera fólk. Hann hannar líka fót ásamt því að búa til tónlist í hljómsveitinni Steed Lord. Hann á kærustu sem heitir Saga og er ljósmyndari. Elli er með demant tattúeraðan á hálsinn á sér. myspace.com/acbananas



5. Danson

Danson er 25 ára tölvuteiknari sem vinnur fyrir Latabæ. Hann er líka einkaþjálfari og hefur tekið þátt í fjórum fitness-keppnum. Danson var valinn besti boxari Íslands árið 2004 og er einhleypur. myspace.com/23453176



6. Gunnlaugur


Hann er Garðarsson en virðist oftast kallaður Gulli Garðars. Hann er 22 ára, íþróttamannlega vaxinn og heldur að Baggalútur sé fyndnasti náungi á Íslandi. Til merkis um hversu heitur Gulli er fylgir hér með comment af síðunni hans. „Takk fyrir addið flotti strákur.... Kv Nina Björk.“ Hann æfir einnig fótbolta og spilar á gítar. Hann er á lausu og hetjan hans í lífinu er Peter Crouch. myspace.com/gulligardars



Sex flottustu stelpurnar

1. María

María Builien er sautján ára. Hún er í skóla og vinnur líka á skrifstofu. Hún á kærasta en hann er ekki á Myspace. Hún hefur áhuga, á dansi ferðalögum og tisku. María 189 Myspace vini. myspace.com/mbuilien



2. Margrét Gauja

Margrét Gauja Magnúsdóttir er 30 ára tveggja barna móðir og bæjarfulltrúi í Hafnarfirði. Maðurinn hennar er smíður og módel. Hún á hund. Pabbi hennar er Maggi Kjartans og þau sungu lagið Sólaramba í forkeppni Eurovision-keppninnar árið 1986. myspace.com/mgauja




3. Rakel

Rakel McMahon var einu sinni Ungfrú Ísland.is. Hún er núna í Listaháskólanum og er ennþá mjög sæt. Rakel er aðdáandi Harry Potter bókanna og er vinkona Siggú Daggar sem skrifar pistlana á baksíðu Sirkus. Hún er einhleyp. myspace.com/rakelmc



4. Eva Dögg

Eva er stundum kölluð Gögga. Hún er 22 ára og stundar nám í fátahönnun í Herning í Danmörku. Hún er einhleyp og horfir ekki á sjónvarp. Finnst það tímasóun. Bloggið hennar er gogga.bloggar.is myspace.com/teknokisa



5. Rebekka

Rebekka öðlaðist vinsældir fyrir ljósmyndirnar sínar á Flickr-síðunni. Hún tekur mikið af sjálfsmýndum. Rebekka er 28 ára og hefur verið aðdáandi Stephens King síðan hún var litil. Hún er líka aðdáandi ljósmyndarans Dave LaChapelle og langar til að ræða við hann um fagið. Kærastinn hennar heitir Fróði. myspace.com/rebekka78



6. Ragnheiður

Ragnheiður Theódórsdóttir er í Versló. Hún var einu sinni í körfubolta. En ekki lengur. Hún er 18 ára, einhleyp og segist ekki langa í börn. Ragnheiður er kölluð Ragga og hefur allnokkrum sinnum unnið sem fyrir-sæta. myspace.com/raggat



„Það er allt á þessu interneti.“ Er frasi sem gjarnan heyrst í samræðum fólks. Engum hefur heldur tekist að klára Internetið. Þar hrannast upp upplýsingar á hverri einustu sekúndu. Í dag er heldur enginn maður með mönnum nema hann sé á Myspace. Þar er hægt að setja inn myndir af sér, upphaldslögin sín og segja veröldinni frá sjálfum sér. Íslendingar eiga örugglega heimsmet í þessu eins og öðru. Sirkus tók púlsinn á íslensku Myspace-síðunum og setti saman lista með fallegasta fólkinu á Myspace. Sammála?

1.

AMERÍSK HÁGÆÐARÚM

Rúm með sérhönnuðum lofthólfum og 100 stillingum. Þannig er hægt að aðlaga stíflaika dýnunnar hvorum megin þú ert í rúminu.



ATH. VIÐ HÖFUM EINNIG OPIÐ Á SUNNUDÖGUM

HLÍÐASMÁRI 1 • 201 KÓPAVOGUR
SÍMI 554 6969 • FAX 554 3100
WWW.LUR.IS • LUR@LUR.IS

OPNUNARTÍMI:
MÁN - FÖS 10:00 - 18:00
LAU 11:00 - 16:00 • SUN 13:00 - 16:00



RÚM OG HVÍLD FYRIR ALLA

- Vönduð rúm með rafstýringu
- Hvíldarsófar/hvíldarstólar
- Hágæða nuddstólar
- Svefnsófar (með heilsudýnu)
- Svefnherbergishúsgögn
- Heilsukoddar o.fl.

Comfortaire

MINNKAÐU HRAÐANN! ÞAÐ BORGAR SIG

Í dag, 1. desember, tekur gildi breyting á reglugerð um sektir og viðurlög við umferðarlagabrotum. Helsta breytingin er að sektir vegna einstakra umferðarlagabrota hækka umtalsvert, eða um allt að 60%.

Vikmörk varðandi hámarkshraða hafa einnig verið lækkuð. Áður voru þau miðuð við 10 km/klst. yfir hámarkshraða án þess að fá sekt en með nýju reglugerðinni hafa mörkin verði lækkuð niður í 5 km/klst.

Kynntu þér málið á www.us.is



SAMGÖNGURÁÐUNEYTIÐ



VEGAGERÐIN



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN



UMFERÐARSTOFA

SIRKUS Á DJAMMINU

Sirkus er alltaf á ferðinni með myndavélina á lofti. Um síðustu helgi komum við við á tónleikum Sprengjuhallarinnar í hipsterabúðinni Liborius. Tjekkuðum á veislu sem tvíburarnir Arnar og Bjarki, hefðarmennirnir Kormákur og Skjöldur og viðskiptafélagi þeirra Rósant Birgisson héldu í tilefni af opnun Domo í Þingholtsstræti. Að því loknu tókum við tryllt ball á Nasa með strákunum í Skímó.

Sætur Tómas Guðmundsson, Herra Islandskeppandi, ásamt vinkonu sinni Katrínu Sigurðardóttur.



Kíkt á keppinautinn Ófeigur Friðriksson, eigandi Glaumbar og Hverfisbarsins, kíkti á nýja staðinn ásamt Lilju Ingvarsdóttur og kærstu sinni Mariam Vahabzadeh.



Glasilegar Pær Ragnhildur og Kristín Helga Gunnarsdóttir, Dýrleif Örylgs og Anna Þrúður kíktu í opnunarpartíð.



Vinkonur Helga María Albertsdóttir og Lára Ósk Hjörleifsdóttir skemmtu sér vel.



Fallegir Nykryndur Herra Island, Kristinn Darri Röðulsson, mætti ásamt vini sínum Simoni Ólafssyni sem sigraði í netkosningunni um Herra Island.



Barþjónar Rabio La Marza frá Ítalíu, Niels Guðjónsson og Tomislav Magdic frá Króatíu eru allir barþjónar á Ölstofunni.



Tiskujöfrar Hrafnhildur Hólmgeirsdóttir stílisti, Jón Sæmundur eigandi Liborius og Rákel Gunnars.



Partí! Svanhildur Lilja Svansdóttir, Rákel Leifsdóttir og Birna.



Bestu vinir Ari Tómasson, hjá Straumi-Burðarási og stofnandi tónlistarvefritsins Rjómans, ásamt besta vini sínum, ungpólitikusinum og varaborgarfulltrúanum Bolla Thoroddsen.



Fjór Sigrún Björk Sigurðardóttir, Alma Rún Ómarsdóttir og Inga Hrönn Pétursdóttir.



Kærusturnar Erna, kærasta Georgs bassaleikara, og Borghildur Gunnarsdóttir, fyrrverandi blaðamaður á Fréttablaðinu og kærasta Snorra Helgasonar Pé gítarleikara, fylgjast grannt með sínum mönnum. Með þeim eru Katla og Tinna Ásgeirsdóttir.

Lindu suðusúkkulaði



Súkkulaðisamleikur
sælkerans



Lindu suðusúkkulaði - ómótstæðilega gott!



Stjörnurnar rokka á afmælisdegi Magna

Sirkus ákvað að koma Magna okkar á óvart í tilefni af 28 ára afmæli hans. Við boðuðum hann í viðtal á Nordica hóteli og sögðum honum að taka alla sína frægu rokkaravini sína. Jói Fel var þá búinn að baka glæsilega afmælistertu og búið var að skreyta eins og gert er í alvöru afmælisveislum. Hann var glaður. En þó aðallega stressaður. Tvennir tónleikar voru á dagskránni næstu tvo daga. Rockstar-vinirnir voru þó ögn rólegri.

„Ég lenti bara fyrir tveimur tímum og er alveg uppgefinn,“ sagði Toby sem mætti fyrstur ásamt Josh, besta vini Magna. Þeim sem ekki vita skal greint frá því að Toby er ástralska kyntröllid og hefur verið á tónleikaferðalagi í Bandaríkjunum. „Ég flaug frá Chicago en við erum búnir að vera í Kansas að spila,“ sagði Toby sem var klæddur eins og sannur rokkari. Sólglæraugun, grifflurnar og svart naglalakk eru einkennis merki Ástralans.

„Ég er alveg í rúst eftir gærkvöldið. Við fórum á einhvern stað og borðuðum geðveikan mat. Ég held ég hafi líka drukkið aðeins of mikið. Þetta íslenska Reyka vodka er alveg frábært,“ sagði Josh sem leit út eins og hann hefði einmitt verið að drekka Reyka vodka kvöldið áður. „Riddu mér,“ sagði Toby skyndilega og bætti við að einhver stelpa væri alltaf að senda honum þessa línu á Myspace. „Ég keypti mér brennivín í morgun og ætla að drekka það allt á meðan ég er hérna,“ sagði Toby, sem greinilega er sá eini sem er á lausu í hópnum.

Fljótlega mættu divurnar tvær Storm og Dilana ásamt kónginum Magna. „Vá, geðveik kaka,“ sagði Dilana en rokkaravinir Magna kalla hann alltaf Magz. Fljótlega hófust umræður um tónleikana og hvað þau ættu að spila lengi. „Þetta er þriggja tíma prógramm,“ sagði Magni og það kom smá hik á Ástralann. „Ég spilaði þrjú kvöld í þrjá tíma, sem sagt níu tíma síðustu helgi,“ bætti Magni við og allir virtust geim.

Amerikanarnir voru ekki alveg að fatta tappana á íslensku glerflöskunum og reyndu að snúa þá sundur



„Ég keypti mér brennivín í morgun og ætla að drekka það allt á meðan ég er hérna.“

TOBY

og saman eins og gert er í Bandaríkjunum. Toby og Josh ákváðu að panta sér nautasteik en voru ekki vissir því það var svo dýrt. „EVS,“ sagði Magni þá en það er ástralsk lingó yfir „fuck it“.

„Ég vil keyra bílinn þinn,“ sagði Dilana skyndilega við Magna, sem hló að þessari uppástungu. Stelpurnar ætluðu í nudd. Þær borðuðu skyr sem Dilana var greinilega búin að kynna sér eitthvað. „Eru einhverjir strippklúbbar á Íslandi?“ spurði Toby fljótlega og Josh var fljótur að svara. „Já, við keyrðum framhjá einum í gær. Ég held það sé bara einn strippari þar.“ Magni útskýrði þó fyrir Toby að það versta við íslenska strippstaði væri að þar sýni einungis stúlkur frá Austantjaldslöndum.

Skyndilega er bankað á dyrnar. Þegar þær eru opnaðar stendur Alex, starfsmaður Nordica, fyrir utan. Ókunnugum til fróðleiks er hér

með upplýst að Alex tekur þátt í X-Factor á Stöð 2. „Fæ ég ekki mynd af mér með ykkur,“ spyr Alex og ekkert virðist sjálfsgæðara. Nokkrum myndum er smelt af Alex sem brosir út að eyrum. „Gangi þér vel í X-Factor,“ segja krakkarnir og Alex þakkar fyrir sig.

Það fór ekki framhjá neinum að þarna voru sannir rokkarar að tala um bransann. „Ryan er sá eini sem er að gera eitthvað af viti af okkur,“ sagði Magni og átti þar við Ryan Star sem var með krökkunum í þættinum. „Já, það er vegna þess að hann er svo góður bissnessmaður,“ svaraði Dilana. Þó voru ekki allir sammála þessari fullyrðingu Magna og sögðu plötu Ryans ekki hafa gengið eins vel og hann vildi vera láta. Lukas Rossi sem sigraði Rockstar-þættina er nú að spila með Supernova. Umræður hófust fljótlega um Lukas og sagði Toby hann haga sér eins og fifl. „Hann sagði einhverri stelpu um daginn að

hún væri helvítis svín.“ „Og þú ert að fara að túra með þeim. Góða skemmtun,“ sagði Magni og hinir hlógu. „Lukas er sonurinn sem Tómas hefur alltaf viljað,“ sagði Dilana og átti þar við Tommy Lee, trommara Supernova. Það eru greinilega allir með skoðanir á honum Lukasi. Þau tala um að hann hafi verið að sofa hjá starfsfólki þáttarins. Þar nefna þau einhverja breska stelpu og aðrar sem unnu við hárgreiðslu og vinkonur þeirra. „Svo lét hann reka stelpu sem sá um matinn í þáttunum,“ lét einhver út úr sér. Af tali þeirra mátti einnig skilja að Tommy Lee hefði hóp af stelpum sem hann hringdi í þegar hann væri slappur. „Já, hann lét þær fá númerið hans Lukasar og það er greinilegt að hann vill koma þeim yfir á hann.“ Tal þeirra um Lukas var þó allt á góðu nóttunum en Magni stendur í samningaviðræðum um að fara á túr með Supernova nú eftir áramót. „Svo er Josh að undirbúa raunveru-

leikaþátt,“ sagði einhver og frekari útskýringar fylgdu í kjölfarið. „Þetta er sko raunveruleikaþáttur um hvernig eigi að búa til raunveruleikaþátt,“ útskýrði Josh. Storm ropar en biðst afsökunar. Toby tilkynnir öllum að hann ætli að sofa í dag og hvíla sig fyrir tónleikana um kvöldið. Magni blæs á kertin og afmælisöngurinn er kyrjaður upp á enska tungu. Krakkarnir hrósa kökunni, óska Magna til hamingju og kveðja. Afmælisveislan heppnaðist vel. Það er ekki á hverjum degi sem maður fer í afmælispartí með svo mörgum frægum.

LJÓSMYNDIR:
Valgarður Gíslason
FÖRÐUN:
Anna Kristín Óskarsdóttir
KAKA: Auðvitað Jói Fel
HERBERGI: Hið stórfenglega stjórmarherbergi á Nordica hóteli
TEXTI: Andri og Breki



Toby



Dilana



Magni



Storm



Josh

„Stórkostleg bók.“

Vikan


Hvers vegna hefur bláfátækur 18 ára gamall þjónn frá Mumbai verið handtekinn?

Hann kýldi viðskiptavin?

Hann drakk of mikið viskí?

Hann stal úr kassanum?

Hann vann stærstu spurningakeppni í heimi?



„Frábær bók og sú skemmtilegasta sem ég hef lesið í langan tíma ... Við festumst bæði í henni ... Við mælum heilshugar með þessari bók.“

Sirry og Heimir / ÍSLAND Í BÍTIÐ

„Bókin er full af lærdómsríkri heimspeki, miklum húmor og einhver besta lýsing á lífinu í Indlandi sem ég hef lesið.“

Anna Kristine / HÉR OG NÚ

„Dásamleg saga, myndin, áleitin, spennandi og afar vel skrifuð.“

Sigríður Albertsdóttir / DV

„Vikas Swarup nær þannig að blanda saman gamni og alvöru, í réttu hlutfalli, án þess að annað komi niður á hinu og afraksturinn er afar skemmtileg og í senn áhrifamikil lesning.“

Pormóður Dagsson / MORGUNBLAÐIÐ


„... afar óvenjuleg spennusaga sem togar mann áfram með fullkomlega nýjum aðferðum.“

Silja Aðalsteinsdóttir / TMM.IS

Hummel Í TÍBET

Nýir tímar í gömlum heimi. Síðan 1950 hefur Kína ekki viljað samþykka Tíbet sem sjálfstætt ríki. Einn af stóru draumum Tíbetbúa hefur verið að eignast sitt eigið landslið í fótbolta. Það var danska fyrirtækið Hummel sem reið á vaðið og sendi í leiðinni sterk skilaboð til íþróttahéimsins þegar fyrirtækið ákvað að styrkja landslið Tíbeta. Hummel hannaði einstaka fótboltatrejju sem á enga sér líka og er aðeins seld í velvöldum tiskuvöruslunum víða um heiminn. Þeir sem ekki vilja ganga í

fótboltatrejjum en fíla Hummel í Tíbet, geta nálgast geggjaðar hettupeysur, buxur, boli og aukahluti með tibetskum innblæstri í Magazin du Nord í Kaupmannahöfn eða í síma 5530700 hjá Hummel Sport Ísland. Að lokum mæli ég með því að við tökum landslið Tíbet til fyrirmyndar því liðsmenn fara sínar eigin leiðir til að skapa menningarlegan karakter og jafnvægi á milli hins andlega og veraldlega heims.



tískumolar
HELGU ÓLAFSDÓTTUR



BIRNA
Concept shop

Fyrir stuttu opnaði Birna Concept shop dyr sínar á Skólavörðustíg 2. Birna er ungur íslenskur hönnuður sem hefur lengi verið búsett í Danmörku. Árið 2000 setti hún á laggirnar sitt eigið fatamerki í Danaveldi. Núna selur Birna fötin sínu í fjölmörgum löndum og flikur hennar hafa prýtt síður danskra tiskutímara margt. Hvernig væri að rölta niður í bæ og kíkja á Birnu?



Sævar Karl selur skóna sem ég elska!

Mér var vinsamlega bent á það að „skórnir sem ég er ástfangin af“ eru sko heldur betur fánlegir á landinu góða Íslandi. Hinir forkunnarfögru Pedro García fást hjá Sævari Karli. Hvernig er hægt að láta ástina framhjá sér fara á þennan hátt? Ég á ekki til orð. Ég hugga mig við það að hjá Sævari Karli hefur Pedro García verið í góðum félagsskap með ítölsku vinkonunum Prada og Miu Miu. Sjáumst í Bankastrætinu!



Svart rúskinn
Svartir rúskinn Miu Miu skór með uppfylltum hæl og æðislega lillabláir að innan og Peeptoe svört Miu Miu taska.



Brúnt og blátt

Brún ökklastígvél með háum hæl, ljósbrúnir skór með stórum Swarovski-steinum og bláir hælaskór með hæl alsettum Swarovski-steinum. Allir skórnir eru frá Miu Miu.



Pedro Garcia

Dökkbrúnir ökklastígvél úr rúskinni, dökkbrúnir satín hælaskór með Swarovski-spennu og millibrúnir hælaskór með leðurskreytingu. Allir skórnir eru frá PEDRO GARCIA.



Sannir karlmenn
strauja skyrtur

Athugið, allir góðir drengir sem ekki kunnið að strauja skyrtur eða binda bindishnútt. Hægt er að læra hvort tveggja á heimasíðunni www.saevarkarl.is. Núna eru engar afsakanir teknar gildar, stilltu tölvunni á borð fyrir framan straubrettið, safnaðu saman öllum óstraujuðu skyrtunum þínum, kveiktu á sýnikennslunni og eftir tvær til tíu skyrtur er þetta komið. Þú hefur sparað svo mikinn hreinsunarpening með strauerinu að þú getur farið og keypt þér flott bindi fyrir sparaða aurinn. Og enn eitt mjög mikilvægt atriði, konan á heimilinu verður sérlega ánægð með framtakið.



ÚLPUR FRÁ 6.990.-

galleri sautján

Kringlunni s.512 1750 - Laugavegi s.512 1717 - www.ntc.is

Glæsileg jólatilboð



Posturepedic
Stuðningur sem þú treystir, þægindi sem þú elskar

Stærsti rúmaframleiðandi í heimi!

Sealy Posturepedic eru vinsælustu heilsurúm Bandaríkjanna síðastliðin 30 ár. Sealy eyðir meiri fjármunum í vörubrún en allir aðrir dýnuframleiðendur heims.



Einkaleyfin 4 frá Sealy:




Ert þú með þitt svefn DNA á hreinu?

ERGOSLEEP
fullkonnasta svefnkerfið

Hátæknirúm

Besta svefnkerfið samkvæmt samanburðarránsóknum. Svæðaskiptur stífleiki, fjaðureiningar með minni.



Heilsan
framar öllu

mediline+

Hin mikla breidd MediLine línunnar uppfyllir flestar kröfur um fjölbreytileika og þægindi.

Rúmin í MediLine línunni eru til í fjölmörgum gerðum, stærðum og stífleikum þannig að flestir ættu að geta fundið hvílu við sitt hæfi.

Glæsilegur gjafapakki að verðmæti allt að **kr. 39.900** fylgir hverju seldu hjónarúmi



15%

afsláttur

Af mjúku vörinni, gjafavörinni og völdum rúmum og hvíldarstólum.

Mjúka deildin Hágæða sængur og heilsukoddar. Úrval af sængurfatnaði og rúmteppum.

Gjafavara í miklu úrvali frá þekktum vörumerkjum. Rúmföt, rúkþessi, handklæði, sloppar, baðmottur og baðvara. Veisludúkar, hördúkar og löberar.



Reykjavík: Mörkin 4, sími: 533 3500

Akureyri: Hofsbót 4, sími: 462 3504

Opið virka daga: 10-18 og laug.: 11-16

Egilsstaðir: Miðvangur 1, sími: 471 2954

DD unit með langbesta hollywood slúðrið

1 Another day another dollar yall!*
 Það var alls ekki gúrktíð í þessari viku hvað headlines í celebbaheiminum varðar! Brit Brit og Paris, Nic the stick og stóra stílistamálið og sambandslit úúúú!



Hæst ber að nefna skilnað Kid Rock og Pammie en hann ku vera óruggur aumingi sem andlega abjúsaði* hana Pammie! Hann tók og úthúðaði henni og kallaði hana hóru og ég veit ekki hvað og hvað því hún hafði með glöðu geði tekið þátt í Borat ævintýrinu. Maður verður átómatískt* að staldrá við og spyrja sig... hverjum hélt hann Kid að hann væri að gíftast? Siggu í Arsenalbolnum í Æsufellinu eða? Nei hún er Playboy bunny og töffari... ég digga Pammie.. sem hefur unun af því að láta taka myndir af sér helst fáklæddri. Anyways bye-gones og hann er yesterdays news dude*! Þau náðu að vera gift í næstum þrjá og hálfan mánuð – glæsilegt!



2 Og því miður verð ég að tilkynna lesendum mínum til mikillar mæðu að poppstirnir 19 ára gamla Hillary Duff og Joel Madden 27 ára gamli rokkkærastinn hennar eru hætt saman eftir tveggja ára glorious dating* tímabil. Þetta er rosalet! Ég get varla á heilli mér tekið og hef því ákveðið að skrifa ekki meir um það í bili.



STELPUR!



4.990.-



4.990.-



2.990.-



2.990.-



8.990.-

Sparkz

Kringlunni - s.512 1730



3 Ahh Brit Brit og vondi félagsskapurinn hennar Paris og Blohan. Eins og varla hefur farið framhjá nokkru mansbarni er hún að skilja og hefur verið á galeiðunni síðan með mannvitsbrekkunni Paris sem boðar góða hluti ekki satt. Well tveggja barna cheezy poof *mamman hún Brit er bara á djamminu í 10 daga streit* og hvað haldiði.. 4 sinnum hafa náðst myndir af henni stíga úr og í faratæki í of stuttum fatnaði og viljandi í engum nærbuxum!!! Þegar það er orðið 4 sinnum á örfáum dögum þá er þetta bara ekki slys.. ég kaup þá ekki sumthins cookin* og ég virðist hafa misst af því memo-i *sem hefur verið dreift og þetta er kjöríð PR- stunt ársins 2006. Aldrei hefur verið mynd af Elizabeth Taylor, Meryl Streep eða Spice Girls svona?? Þessi mynd hérna af henni er vægast sagt mjög dönnuð miðað við það sem hefur gengið á hérna í vikunni! Og hvar eru börnin????

6 En að öðru. Ég og vinur minn MEGA eigum svona Flame-thrower lista og hann er alltaf að stækka – listinn sem sagt! Á þennan lista fer fólk sem við viljum kveikja í með svona eldvörpu af því að það hefur fyrirgert rétti sínum til að vera in my face eva! Einn af mínum upphalds á þessum flame-thrower lista okkar er hann Miss Jay í ANTM* – ég þoli hann ekki! Hvernig getur svona self-proclaimed-fashion-know-it-all* verið að drukna í ósmartheitum?? Hver man ekki eftir þættinum þar sem hann var í engu nema stuttermabol sem var með mynd af líkama í bikini í – GAAAARG ég verð að fleima hann og ég er til í að vera með raunveruleikabátt a la Running man* í tengslum við listann minn!!! Tyra Banks er samt ofar á listanum en hann ... ég mun birta í næstu pistlum fleiri Flame-thrower fórnarlömb!!



4 Það er auðvitað bara eins og að vera í 9. bekk að fylgjast með þessu drama þarna hjá þessum young Hollywood skanks*. Blohan talaði við blaðamenn on tape* um að Paris hefði lamið sig og hellt yfir sig drykk.. emmm þessi mynd hérna er tekin um 2-3 tímum síðar og þá eru þær allar saman að tjúttá???? Hmm.. ég held að þær séu hreinlega að nota þessa papparazzi aula og fjölmiðlana sér til ánægju. Svo sem pæling .. kannski jafnvel það sniðugasta sem þessar stelpur hafa gert í langan tíma alla vega hefur Blohan ekki verið í hittara* síðan hún lék í Mean Girls og það eru 3 ár síðan.. and she needs one like Pete Doherty *úfffff!



5 Jesús það hitnar í kolnum í stóra stílistamálinu hjá Nic the stick og Rachel Zoe.. en Nic skrifaði á Myspace-ið sitt blind item* sem hún tók snögglega út hmmm.... hvað stóð? Að Zoe hafi notað síðasta paytjekkann* frá Nic til að fá sér pubblista* en ekki næringarfræðing, að Zoe hvísli matarþöntunina sína (3 aspás á disk) á The Chateau* og sé eins og rúsina í framan! ÚÚÚÚÚ það er aldeilis skandall... sem skekur allt stílistasamfélagið as we speak* to it's core*!

GLÓSUR LÆRÐU LINGÓIÐ

- Another day another dollar yall**
Annar dagur, meiri peningur
- Headlines í celebbaheiminum**
Aðalfréttir hjá stjörnunum
- Andlega abjúsaði**
Beitti hana andlegu ofbeldi
- Átómískt**
Sjálfkrafa
- Anyways bye-gones og hann er yesterdays news dude**
Alla vega ekki eyða meiri tíma í að spá í honum enda jafnspennandi og Blaðið fimmtudaginn 30.nóv.
- Glorious dating**
Stórkostlegt sambands-tímabil
- Cheezy poof**
Slím-mamman hún Brit Brit þegar fólk er slimað þá er það afar ósmekklegt og iðulega óhreinlegt þar að auki
- Streit**
Sleitulaust, án þess að bið hafi verið á milli
- Sumthins cookin**
Það er eitthvað í pipunum
- Memo-i**
Minnisblað
- PR- stunt**
Fjölmiðlauppátæki
- Young Hollywood skanks**
Unga fólkíð/tuðurnar í Hollywood
- On tape**
Á myndbandi
- Hittara**
Vinsælli mynd
- And she needs one like Pete Doherty**
Parf á hittara(skammti) að halda eins og krakkhausinn hann Pete hennar Kate Moss
- Blind item**
Leynislúður, eitthvað svakalegt sagt um einhvern og engin nöfn gefin upp og lesendur eiga að giska
- Paytjekkann**
Launaseðilinn sinn
- Pubblista**
Talsmann
- The Chateau**
Hótelíð, klúbburinn og veitingastaðurinn Chateau Marmont
- As we speak**
Í þessum töluðum orðum
- To it's core**
Inn að rótum hans
- Flame-thrower**
Eldvarpa
- In my face eva**
Að koma mér fyrir sjónir á ný
- ANTM**
Americas Next Top Model
- Self-proclaimed-fashion-know-it-all**
Sjálftitlaður tiskukverulant
- A la Running man**
Eins og í myndinni Running Man sem meðal annars innihélt raunveruleikabátt þar sem keppendur dóu eða voru drepnir
- Maniston**
Jennifer Aniston

be sure to check me out á www.dd-unit.blogspot.com

Topp 10 Flottasta hárið í Hollywood

- JENNIFER ANISTON
- JESSICA SIMPSON
- JESSICA ALBA
- RACHEL BILSON
- BEYONCÉ KNOWLES
- LINDSAY LOHAN
- SCARLETT JOHANSSON
- EVA MENDES
- SIENNA MILLER
- JENNIFER LOPEZ

SUPERMAN RETURNS



SUPERMAN ER KOMIN Á DVD Í VERSLANIR OG Á LEIGUR.

SAM  MYNDIR

TEKINN ALTI ÞÓR ALBERTSSON

Engir Idol-stjörnustælar

Atli Þór Albertsson betur þekktur sem Atli úr Strákunum var heldur betur tekinn af honum Audda vini sínum. Hann fór út að borða á Enricos og fékk bókstaflega allt vitlaust. Meðal annars var hár í matnum hans. Hann hélt þó ró sinni en ætlaði að rjúka út rétt áður en Auddi mætti á svæðið.

„Það er hár í matnum mínum!“



„Er það ekki bara úr þér?“



„Það vantaði humarinn í humar-súpuna.“

„Ég var ekki með neinn dónaskap.“



„Eru þetta bara Idol-stjörnustælar?“



„Ég er farinn!!!“



STEINÞÓR
MÆLIR MEÐ

1

PONY UP!
What's Free is Yours

„Skemmtileg stúlkasveit frá Montreal í Kanada þar sem besta tónlist nútímans er framleidd.“



2

CSS
Alala

„Hrikalega sæt stúlkasveit frá Brasilu sem er alltaf í stuði. Myndbandið er líka ferskt.“



3



THE ORGAN
Love, Love, Love

„Fyrst ég er byrjaður á stelpusveitunum þá er best að halda því áfram. Þessi er líka frá Kanada og er undir úggvænlega miklum áhrifum frá The Smiths.“

RISAFJÁRÖFLUN Í TÍLEFNI AF DEGI RAUÐA NEFSINS Brandarakeppni á Bylgjunni



Starfsmenn Bylgjunar leggja góðu málefni lið: Ásgeir Páll Ágústsson, Kristófer Helgason, Ívar Guðmundsson, Rúnar Róberts, Þorgeir Ástvaldsson, Braji Guðmundsson og Bjarni Arason.

Eins og alþjóð veit er dagurinn í dag dagur rauða nefnsins. UNICEF mun af þessu tilefni efna til landsöfnunar til handa börnum sem eiga um sárt að binda í Afríku. Strákarnir á Bylgjunni ætla ekki að láta sitt eftir liggja í þessu átaki og ætla að standa fyrir heljarinnar brandaradegi á útvarpsstöðinni. Þáttastjórnendur ætla að leggjast á eitt allan liðlangan daginn og minna hlustendur á þetta göfuga söfnunaráttak og hvetja þá til að leggja því lið með því að gerast heimsofrelrar. Þá mun einnig verða haldin sérstök

brandarakeppni milli fyrirtækja og hlustenda. Keppnin gengur þannig fyrir sig að einstaklingar og fyrirtæki geta keypt brandara á Bylgjunni föstudaginn 1. desember og mun allt andvirði renna til barnahjálpar UNICEF. Hlustendur, fyrirtæki eða vinnustaðir senda inn einn brandara sem verður spilaður þangað til annað fyrirtæki yfirbýður hann til að fá sinn brandara í loftið. Það er annað hvort hægt að kaupa leikinn brandara eða hringja inn og segja eigin brandara. Allir tiltækir þáttastjórnendur Bylgjunnar munu leggja hönd á plóg og standa

vaktina frá morgni og fram á eftirmiðdag eða allt þar til söfnunarátakið hefst á Stöð 2. Þetta mun vera í fyrsta sinn sem efnt er til slíkrar brandarakeppni í íslensku útvarpi. Einnig skal bent á að fyrirtæki geta styrkt UNICEF með því að kaupa rauð trúðanef á allt starfsfólkið sitt. Starfsfólk getur einnig tekið sig saman og skráð sig sem heimsofreltri og styrkt þannig verkefni UNICEF með mánaðarlegum fjáframlögum. Skráningarsíminn er 5 62 62 62. Tökum höndum saman. Tökum þátt og búum til betri heim.

FM957

HEIÐAR AUSTMANN
MÆLIR MEÐ

1

AKON FEAT EMINEM - Smack That

Rapparninn Akon hefur verið að gera frábæra hluti í bransanum. Hann er kominn með nýtt lag í spilun sem heitir Smack That en honum til halds og trausts er enginn annar en meistari Eminem.



2

BEYONCÉ - Irreplaceable

Söngdivan Beyoncé er komin með annan „singulinn“ af plötunni B-Day en platan er ekki eins sterk og ég átti von á. Lagið Irreplaceable er hins vegar án nokkurs vafa með sterkari lögum á plötunni. Rölegur og þægilegur smellur sem er strax farinn að láta til sín taka þó svo að hann hafi ekki hljómað nema í nokkrar vikur.



3

SKÍTAMÓRALL - Stopp

Það nýjasta úr smíðju Skímómanna sem einmitt spiluðu á sínu síðasta balli á Nasa um síðustu helgi, (25/11) en þeir eru farnir í smápásu.



Hlustaðu á þetta ...



Út er komin fyrsta sólóplata rappkóngsins Bents. Ber hún heitið Rottweilerhundur en Bent er einmitt einn af hinum goðsagna-kenndu Rottweilerhundum. Platan kom út í vikunni og hefur fengið finar viðtökur helstu rappspekúlanta landsins. Rapparninn Opee lét þessi orð falla um nýjustu afurð Bents: „Takk fyrir góða tónleika í gær, og verð að segja að ég er skuggalega heitur fyrir plötunni.“ Sirkus mælir klárlega með þessari í pakkann.

Minnsirkus.is samfélag vikunnar

Stórveldið Leeds United

„Bara fréttir af besta klúbbi í heimi og öllu tengdum honum,“ er slagorð Leeds-samfélagsins á minnsirkus.is. Það er enginn annar en Þorkell Máni útvarpsmaður sem er stjórnandi samfélagsins en hann mun vera einhver harðasti Leeds-ari á landinu. Hann virðist líka vera sá eini sem tjáir sig eitthvað um þennan fornfræga klúbb sem er leiðinlegt því hann á marga aðdáendur hér á landi. Máni skrifar þó skemmtilega um liðið og segir meðal annars á einum spjallþræðinum: „Alveg er ég skithræddur við Preston. Tel þá einu ógnunina við vakningu risans.“ Það eru 17 meðlimir í



samfélaginu sem stendur en væntanlega munu Leeds-erar landsins sameinast á www.minnsirkus.is/communities/

leeds og ræða um brotthvarf Alans Smith og annað skemmtilegt. Endilega kikja á þetta.

Vertu hér ...



Magnaðir tónleikar um helgina. Lennon og Sinfóníuhljómveit Íslands með tónleika sem bera yfirskriftina Give peace a chance. Uppselt er á tónleikana í kvöld en á laugardaginn klukkan 16.00 og 20.00 eru til miðar. Einnig verða tónleikar á sunnudagskvöldið klukkan 20.00. Ekki láta allar helstu perlu meistarans í flutningi fremstu listamanna þjóðarinnar fram hjá þér fara. www.midi.is

JÓLA TILBOÐ



VAXTALAUST

AIRIS Fartölva Airis Pragma N920

Vörunúmer: 448n920

- Örgjörvi: Intel Celeron M320 1,3GHz. 512kb CacheL2
- Skjár: 15.4" WXGA Widescreen
- Minni: 256MB 533MHz
- Harður diskur: 40GB (5400RPM)
- DVD skrifari: DVD-RW +R DL
- Skjákort: SVGA ATI Mobility Radeon X200
- Stýrikerfi: Windows XP Home
- Þráðlaust netkort • 4x USB 2.0
- Ábyrgð: 2 ár

TILBOÐ

6.099.-*

0% VEXTIR

6.099.- Vaxtalaust 12 mán.* 69.990.- Staðgreitt

Vaxtalaust tilboð er miðað við jafnar mánaðarlegar greiðslur á Visa skuldabréfi með viðbættu stimpil- og lántökugjaldi sem bætist við heildarupphæðina og drefist jafnt á samningstímann.

TASKA FYLGIR

AIRIS

MINNI
265 MB
533MHz

HARÐUR
40 GB
DISKUR

ÞRÁÐLAUST
NETKORT

Tilboðn gildir í desember 2006 eða á meðan brögðir endast. Birt með fyrirvara um myndbreyting og prentvillur.

AIRIS Hljómtækjasamstæða

CD **DVD** **MP3** **MPEG 4** **VCD** **SVCD**

HLJÓMAR VEL

Airis hljómtækjasamstæða með útvarpi.
Spilar DVD • CD • MP3
• MPEG4 • VCD • SVCD
Hægt að tengja við tölvu og sjónvarp með USB tengi eða SCART tengi
2x15w RMS

Aðeins 12.900.-

KODAK C530 og Ljósmyndaprentari

Aðeins 24.900.-

Myndavél, prentari, pappír og blek!

5M pixla stafræn myndavél

- 1,5" LCD-skjár
- Snögg að taka myndir

Ljósmyndaprentari - Printer Dock Series 3

- Margverðlaunuð Kodak myndgæði
- Pappír skemmist ekki af fingraförum
- Pappír þolir vatn og hægt að þerra bleytu án skemmda

*Blek og pappír fyrir 20 myndir.

Samsung L-50

Aðeins 22.980.-

• 5,0 milljón pixlar • 2,5" skjár

MEGA VEL

Samsung I-6

Aðeins 36.980.-

• 6,0 milljón pixlar • 2,5" skjár • Mp3 spilari • Heyrnartól fylgja

MP3 SPILARI

Ricoh Caplio R4

Aðeins 37.980.-

• 6,0 milljón pixla • 2,5" skjár • 7x optískur aðdráttur • Aðeins 0,007 sek. að smella af

MJÖG HROÐ

20% afsláttur

20% afsláttur af öllum myndavélakortum og minnislyklum frá Verbatim og Kingston

20% AFSLATTUR

Afgreiðslutímar

Office 1 Skeitunni 17 Virka daga frá 9-18
Laugardaga frá 11-17
Sunnudaga frá 11-17
Sími: 550-4100

Office 1 Egilsstöðum Virka daga frá 9-18
Laugardaga frá 10-18
Sunnudaga frá 12-18
Sími: 550-4160

Office 1 Smáralind Virka daga frá 11-19
Fimmtudaga frá 11-21
Laugardaga frá 11-18
Sunnudaga frá 13-18
Sími: 550-4140

Office 1 Akureyri Virka daga frá 10-18
Laugardaga frá 11-16
Sími: 550-4150

Office 1 Vestmannaeyjum Virka daga frá 9-18
Laugardaga frá 10-14
Sími: 550-4180

www.office1.is

Office 1 Superstore

SKEMMTILEGT Í JÓLAPAKKANN



Office 1 Spurning:
Hvað er mús með ekkert skott?
Svar: Þráðlaus mús

USB FISKABÚR

FJÖRUGIR FISKAR
Tengdu búrið við tölvuna



Tónaðu hlaupið



Tónaðu:

Veldu þér markmið og stilltu inn þína tónlist.

Hlaupið:

Skynjari sendir þráðlaust úr sérstöku hólfi á Nike+ skóm í iPod nano allt um tíma, vegalengdir, hraða og brennslu í hlaupinu.

iPod nano segir þér frá því.

Tengdu:

iPod nano við tölvuna þína og afköstin flytjast sjálfkrafa inn á þitt eigið svæði á nikeplus.com

nikeplus.com



Hluti af Nike+ skólinunni

Frá kr. 10.990,-



Nike+ iPod sport kit
Sendir og móttakari
Kr. 3.490,- / 2.490,- ef Nike+ skór eru keyptir

ÚTILÍF